

Bókunarstrengur í Orra

Eftirfarandi útskýringar eru settar fram til þess að auðvelda fjártækniðilum að skilja hvernig bókunarstrengur er uppbyggður vegna kortafærslna.

Bókunarstrengur fylgir hverri bókun í Orra og er skilgreindur sem samsetning bókunarviðfangs, tegundar, bókunartákns og kennitölu (auk vídda ef þær eru notaðar). Bókunarstrengur er notaður til að flokka og skrá bókhaldsfærslur á réttan hátt innan kerfisins. Réttur bókunarstrengur er grundvöllur fyrir skýrslugerð, greiningum, eftirliti og uppgjöri og er því lykilatriði í samræmingu og gagnsæi í opinberum fjármálum.

Stofnananúmer

Hver stofnun/ráðuneyti hefur sérstakt 5 stafa stofnananúmer. Allur kostnaður sem á að bókast á ákveðna stofnun þarf að bókast á þetta númer. Í einhverjum tilfellum er stofnun/ráðuneyti að nota fleiri en eitt númer.

Fjársýslan er til dæmis með númerið 09103.

Viðfang

Viðfang segir til um á hvaða deild/verkefni kostnaðurinn á að bókast. Þetta er 6-14 stafa númer þar sem fyrstu 5 stafirnir eru alltaf stofnananúmerið.

Til dæmis er eitt af sviðunum hjá Fjársýslunni með 0910310104, þar sem 09103 er stofnananúmerið.

Það verður útbúin vefþjónusta (API) sem mun gera fjártækniðilum kleift að sækja viðföng einstakrar stofnunar. Þangað til hún er tilbúin getur Fjársýslan veitt þær upplýsingar með öðrum hætti.

Tegund

Númer (oftast 5 stafir) sem segir til um tegund kostnaðar.

Til dæmis er notað 52810 þegar keyptur er matur fyrir starfsfólk, 55170 fyrir hugbúnaðarleyfi og 54650 fyrir árgjöld kreditkorta.

Listinn yfir allar tegundir er langur og mikið af þeim tegundum eiga ekki við þegar um færslur með kortum er að ræða. Það hefur því verið útbúinn einfaldari listi með þeim tegundum sem henta fyrir kortafærslur.

Það verður útbúin vefþjónusta (API) sem mun gera fjártækniðilum kleift að sækja tegundalistann. Þar til hún hefur verið tekin í notkun, mun Fjársýslan gera tegundalistann aðgengilegan á excel formi.

Bókunartákn

Bókunartákn er númer sem tengist skattaútreikningi og tengist beint hverri tegund. Fyrir sumar tegundir er alltaf notast við 0 (núll) í bókunartákn en fyrir aðrar þá þarf til dæmis að velja milli 2 og 9. Fyrir þær tegundir er gott að hafa í huga að það á að nota 9 fyrir erlenda birgja og ríkisaðila, annars er notað 2. Einstaka tegundir eru opnar fyrir bókunartákn 1, sem tengist yfirleitt skattframtali einstaklings.

Í tegundaskjalinu er útskýrt nánar hvaða tegund getur tekið með sér hvaða bókunartákn, og hvernig skuli velja hvað á við hverju sinni.

Kennitala

Sú kennitala sem þarf að vera í bókunarstrengnum er kennitala seljanda, þ.e. kennitala þess sem veitir þjónustuna eða afhendir vöruna. Í einstaka tilfellum er sett önnur kennitala, t.d. þegar verið er að bóka ferðir erlendis þá er sett kennitala ferðalangsins.

Í þeim tilfellum sem seljandinn er erlendur, þá er notast við gervikenntölur. Sumar stofnanir stofna sérstakar gervikennitölur fyrir sína erlendu birgja, allar aðrar stofnanir munu notast við sömu gervikennitöluna fyrir alla erlendu seljendur, 9876543210.

Vídd 1 og vídd 2

Notað til sundurliðunar, misjafnt eftir stofnunum.

Víddir eru settar upp fyrir hvert stofnanaúmer fyrir sig, almennt eru þær óháðar viðföngum og tegundum.

Víddir samanstanda af tölustöfum og/eða bókstöfum, notað til að halda utan um kostnað sem tengist ákveðnu verkefni. Oft notað t.d. fyrir kostnað fyrir ákveðið bílnúmer, ákveðna sýningu, ákveðna húseign, eða tímabundið verkefni.

Það verður útbúin vefþjónusta (API) sem mun gera fjártækniáðilum kleift að sækja víddir einstakrar stofnunar. Þangað til hún er tilbúin getur Fjársýslan veitt þær upplýsingar með öðrum hætti.

Ef víddir 1 og 2 eru ekki notaðar, er sett 0 í svæðin.

Dæmi um bókunarstrengi

Dæmi 1 – Keyptur matur fyrir starfsfólk

Í þessu dæmi er keyptur matur í Bónus til neyslu fyrir starfsfólk sem tilheyrir ákveðnu sviði hjá Fjársýslunni.

Viðfang = 0910310104 (eitt svið innan Fjársýslunnar)

Stofnananúmer = 09103 (Fjársýslan)

Tegund = 52810 (matur fyrir starfsfólk)

Bókunartákn = 0 (alltaf 0 með þessari tegund)

Kennitala = 4501993389 (kennitala Bónus)

Vídd 1 = 0 (ekki notuð vídd 1 í þessu tilfalli)

Vídd 2 = 0 (ekki notuð vídd 2 í þessu tilfalli)

Bókunarstrengurinn lítur þá svona út:

0910310104-09103-52810-0-4501993389-0-0

Dæmi 2 – Áskrift að erlendum hugbúnaði

Í þessu dæmi er greitt fyrir áskrift að erlendum hugbúnaði (t.d. ChatGPT, Microsoft, osfrv). Fjársýslan er aftur notuð sem dæmi um stofnun, en í þetta sinn er notað annað svið en í dæmi 2. Í þessu dæmi er notuð vídd 2, þar sem stofnun vill sundurliða kostnað sem tilheyrir ákveðnu verkefni og er 12345 skráð sem vídd 2 fyrir verkefnið sem kostnaðurinn snýr að.

Viðfang = 0910310112 (eitt svið innan Fjársýslunnar)

Stofnananúmer = 09103 (Fjársýslan)

Tegund = 55170 (hugbúnaður)

Bókunartákn = 9 (erlendur seljandi)

Kennitala = 9876543210 (gervikennitala fyrir erlendar kortafærslur)

Vídd 1 = 0 (ekki notuð vídd 1 í þessu tilfalli)

Vídd 2 = 12345 (notað til að sýna fram á að kostnaðurinn tilheyrir ákveðnu verkefni)

Bókunarstrengurinn lítur þá svona út:
0910310112-09103-55170-9-9876543210-0-12345

Dæmi 3 – Ferðakostnaður

Í þessu dæmi er greitt fyrir flugfargjald starfsmanns Fjársýslunnar vegna ferðar erlendis. Kostnaður vegna ferðalaga erlendis er síðar gerður upp í ferðauppgjöri (fjártæknilausn kemur ekki að því ferli). Kennitala ferðalangsins er notuð í þessum tilfellum og í þessu dæmi er starfsmaður með kennitöluna 0102934569 að ferðast.

Viðfang = 0910310101 (eitt svið innan Fjársýslunnar)
Stofnananúmer = 09103 (Fjársýslan)
Tegund = 54219 (óuppgerð fargjöld erlendis)
Bókunartákn = 0 (alltaf með þessari tegund)
Kennitala = 0102934569 (tilbúin kennitala starfsmannsins í þessu dæmi)
Vídd 1 = 0 (ekki notuð vídd 1 í þessu tilfelli)
Vídd 2 = 0 (ekki notuð vídd 2 í þessu tilfelli)

Bókunarstrengurinn lítur þá svona út:
0910310101-09103-54219-0-0102934569-0-0

Dæmi 4 – Keypt húsgagn sem er skráð sem eign

Í þessu dæmi er keypt húsgagn í IKEA sem stofnun ætlar að færa til eignar (setja í eignaskrá). Aftur er Fjársýslan notuð sem dæmi.

Viðfang = 0910310101 (eitt svið innan Fjársýslunnar)
Stofnananúmer = 09103 (Fjársýslan)
Tegund = 18101 (húsgögn og innréttingar, eignaskrá)
Bókunartákn = 0 (alltaf með þessari tegund)
Kennitala = 5412932809 (kennitala IKEA)
Vídd 1 = 0 (ekki notuð vídd 1 í þessu tilfelli)
Vídd 2 = 0 (ekki notuð vídd 2 í þessu tilfelli)

Bókunarstrengurinn lítur þá svona út:
0910310101-09103-18101-0-5412932809-0-0